



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur 5. janúar 2010 kl. 17:30

Mættir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Valgeir M Baldursson (VMB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ). Einnig sat fundinn Páll Grétarsson framkv.stjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Erindi frá afmælisnefnd

Hafði verið sent stjórnarmönnum til kynningar.

Bókun aðalstjórnar:

„Aðalstjórn UMF Stjörnunnar fagnar framkomnum hugmyndum og þakkar nefndinni fyrir að bregðast vel við kalli félagsins. Jafnframt er þess óskað að nefndin vinni fyrirbyggjandi hugmyndir áfram og leggi fyrir aðalstjórn sundurliðaða kostnaðaráætlun vegna einstakra verkefna.“

3. Erindi frá sögunefnd

Hafði verið sent stjórnarmönnum til kynningar.

Bókun aðalstjórnar:

„Aðalstjórn UMF Stjörnunnar fagnar framkomnum hugmyndum og samþykkir tillögu nefndarinnar um fjárframlag vegna undirbúings útgáfunnar.“

4. Kvannahlaup í Garðabæ

Aðalstjórn samþykkir tillögu formanns um endurnýjun samnings við ÍSÍ um kvannahlaup. Miðað skal við að skerðing á fjárveitingu Garðabæjar til verkefnisins skiptist jafnt milli Stjörnunnar og ÍSÍ.

5. Starfslýsing íþróttafulltrúa UMF Stjörnunnar

Starfslýsingin samþykkt með áorðnum breytingum.

6. Íþróttaskóli Stjörnunnar - vetrarnámskeið

Framkvæmdastjóra er falið að semja við Ásgerði Guðmundsdóttur um vinnuframlag á vormánuðum við gerð námsskrár og framtíðarskipulags fyrir Íþróttaskóla Stjörnunnar. Einnig um að námskeið fyrir 3-6 ára börn á vormisseri 2010. Verðlagning námskeiðanna skal borin undir aðalstjórn.

7. Önnur mál

- Þorablót Stjörnunnar - rætt um fyrirkomulag.
- Aðalfundur UMF Stjörnunnar – dagsetning breytist v skólafría – vísað til framkvæmdastjóra.
- UMSK Þing – ósk hefur borist frá UMSK um ársþing sambandsins verði haldið í Garðabæ 25.02.10 - vísað til framkvæmdastjóra.
- Þorsteinn Þorbergsson tilkynnti að hann hyggðist gefa félaginu hönnun sem hann hefur staðið fyrir á lukkudýri félagsins. Aðalstjórn þakkar höfðinglega gjöf.

Fundi slitið kl. 18:55, ritað PGr